

TILSKIPUN RÁÐSINS 95/71/EB

frá 22. desember 1995

um breytingu á viðauka við tilskipun 91/493/EBE frá 22. júlí 1991 um hollustuhætti við framleiðslu og markaðssetningu fiskafurða

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/493/EBE frá 22. júlí 1991 um hollustuhætti við framleiðslu og markaðssetningu fiskafurða ⁽¹⁾, einkum 13. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun ráðsins 92/48/EBE frá 16. júní 1992 um setningu lágmarksreglna um hreinlæti fyrir fiskafurðir sem unnar eru um borð í tilteknum skipum í samræmi við i-lið a-liðar í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 91/493/EBE ⁽²⁾ er kveðið á um að taka skuli frystiskip upp í skrá sem lögbært yfirvald uppfærir reglulega.

Heimilt skal að markaðssetja fiskafurðir, sem eru fengnar um borð í frystiskipum sem uppfylla hreinlætisskilyrðin sem mælt er fyrir um í tilskipun 92/48/EBE, með sömu skilyrðum um auðkenningu og gilda um fiskafurðir sem eru frystar í starfsstöðvum í landi. Því þarf að breyta viðauka við tilskipun 91/493/EBE með hliðsjón af þessu.

Aðildarríkin hafa greint frá ákveðnum vandkvæðum í tengslum við framkvæmdina og því er nauðsynlegt að skýrgreina betur ákveðin tæknileg atriði í tilskipun 91/493/EBE svo að hægt sé að beita ákvæðum hennar með einsleitum hætti í bandalaginu, einkum hvað varðar auðkenningu á fiskafurðum sem eru markaðssettar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á viðaukanum við tilskipun 91/493/EBE:

1) Í stað 5. liðar í II. hluta I. kafla komi eftirfarandi:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 15. Tilskipuninni var breytt með aðildarlögunum frá 1994.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 187, 7. 7. 1992, bls. 41.

„5. Verkun fiskafurða um borð skal fara fram við þau hreinlætisskilyrði sem kveðið er á um í 2. og 3. lið II. hluta, IV. og V. hluta í IV. kafla þessa viðauka.“

2) Í stað annars málslíðar 3. liðar í I. hluta IV. kafla komi eftirfarandi:

„Flök og flakastykki mega ekki liggja á vinnuborðum lengur en nauðsynlegt er vegna vinnslu þeirra og verður að verja þau gegn óhreinindum með viðeigandi umbúðum.“

3) Í stað 1. liðar í IV. hluta IV. kafla komi eftirfarandi:

„Ferskar, frystar og þíddar afurðir sem eru notaðar til verkunar verða að uppfylla þær kröfur sem eru gerðar í I., II. eða III. hluta þessa kafla.“

4) Í stað fyrsta málslíðar í d-lið 4. liðar IV. hluta í IV. kafla komi eftirfarandi:

„d) sýni skulu tekin af framleiðslunni á hverjum degi með fyrirfram ákveðnu millibili til þess að tryggja að lokun eða aðrar aðferðir við að loftþétta umbúðir séu í lagi.“

5) (Á ekki við um íslenska textann.)

6) Í stað fyrsta málslíðar annarrar málsgreinar í b-lið A-þáttar í 3. lið II. hluta V. kafla komi eftirfarandi:

„Þessar takmarkanir gilda aðeins um fisktegundir af eftirtöldum ættum: makríls- (*Scombridae*), síldar- (*Clupeidae*), ansjósu- (*Engraulidae*) og gullmakrílaætt (*Coryphaenidae*).“

7) Í stað VII. kafla komi eftirfarandi:

„VII. KAFLI

AUÐKENNING

Með fyrirvara um ákvæði tilskipunar 79/112/EBE verður vegna skoðunar að vera hægt að rekja uppruna fiskafurða, annaðhvort af merkingu á umbúðum eða af fylgiskjöllum, til þeirrar starfsstöðvar sem afgreiddi þær.

Í þessu skyni verða eftirfarandi upplýsingar að vera á umbúðunum eða, þegar um ópakkaðar vörur er að ræða, í fylgiskjölunum:

— sendingarland, sem skrifa má óstytt eða skammstafa, með hástöfum, en um aðildarríki bandalagsins gilda eftirfarandi skammstafanir:

B — DK — D — EL — E — F — IRL — I — L — NL — P — UK — AT — FI — SE,

— auðkenning starfsstöðvarinnar eða verksmiðju-skips með opinberu löggildingarnúmeri eða, þegar markaðssetning fer fram frá frystiskipi sem fellur undir 7. lið II. viðauka við tilskipun 92/48/EBE, með leyfisnúmeri skipsins eða, þegar uppboðs- eða heildsölumarkaðir eru skráðir sérstaklega í samræmi við ákvæði þriðju undirgreinar 1. mgr. 7. gr. þessarar tilskipunar, með skráningarnúmeri uppboðs- eða heildsölumarkaðarins,

— ein eftirtalinna skammstafana:

CE — EC — EG — EK — EF — EY.

Allir þessir stafir og tákni verða að vera auðlæsileg og standa saman á umbúðunum á stað þar sem þau eru sýnileg utanfrá án þess að opna þurfi umræddar umbúðir.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. júlí 1997. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þetta. Vörur sem eru unnar fyrir þann dag sem þessi tilskip-

un kemur til framkvæmda falla þó ekki undir ákvæði VII. kafla tilskipunar 91/493/EBE eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. desember 1995.

Fyrir hönd ráðsins,

L. ATIENZA SERNA

forseti.